

Fundur skipulags- og samgönguráðs 9. september 2020:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins – US200319

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að kannaðir verði aðrir og mun ódýrari kostir til að liðka fyrir umferð frá Rjúpnavegi og norður á Breiðholtsbraut, svo sem með einfaldari vegartengingu ofar í Vatnsendahvarfi á milli Rjúpnavegar, Tónahvarfs og Breiðholtsbrautar, án mislægra gatnamóta þar. Einnig er lagt til að leyfa akstur slökkvibifreiða á milli Salahverfis í Kópavogi og Seljahverfis í Breiðholti með tengingu úr Jaðarseli neðan Lambasels, en þar er nú fyrirhugað að leyfa umferð strætisvagna.

Greinargerð:

Arnarnesvegur mun auka umferð almennt og þá sér í lagi í gegnum íbúabyggð. Þar mun umferð þungra ökutækja í gegnum íbúabyggð aukast mikið, svifryksmengun, hávaði og hætta á alvarlegum umferðarsslysum á þessu svæði mun einnig aukast til muna. Íbúar Breiðholts og fleiri hafa gert athugasemdir á öllum skipulagsstigum við fyrirhugaða legu Arnarnesvegar, um nær 40 ára skeið. Upphaflega var vegurinn hugsaður sem ofanbyggðarvegur en mun nú liggja inn í og á milli hverfa. Enn ríkir óvissa um ákveðna þætti svo sem þörf fyrir mislæg gatnamót við Breiðholtsbraut, staðsetningu brúar yfir veginn fyrir gangandi og hjólandi fólk, afvötnun á mjög snjópungu svæði og bæði mengun og hljóðvist í nágrenni vegarins. Mikilvægt er að finna aðrar og umhverfisvænni leiðir til að bæta samgöngur og tengsl á milli efri byggða Kópavogs og Breiðholts án þess að leggja Arnarnesveg skv. nógildandi áformum.